

Norðurlandaráð

24. mars 2022
2022-780

Frederiksholms Kanal 27 F
1220 København K

Sími 41 71 27 00

Svar við fyrirspurn E 3/2022

Danska þjóðþingið samþykkti þann 4. júní 2021 lög um mannvirki á Lynetteholm. Samkvæmt lögum um mannvirki á Lynetteholm hefur Udviklingsselskabet By & Havn I/S verið heimilað að mynda landfyllingu með tanganum Lynetteholm við hafnarmynni Kaupmannahafnar.

Áður en lögín voru samþykkt fór fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Í samræmi við Espoo-samninginn var umhverfismatið sent til sænska tengiliðsins með það fyrir augum að fá hugsanlegar athugasemdir frá sænskum yfirvöldum. Trafikstyrelsen í Danmörku, sem eru þau yfirvöld sem fara með málið, hafa greint frá því að helstu atriðin í viðræðum við sænsk yfirvöld séu seltuskil í Eyrarsundi og leirflutningar af sjávarbotni.

Varðandi fyrri atriðið, seltuskilin, hafa sænsk yfirvöld farið fram á að óháður aðili sannreyni útreikninga á því umhverfismati sem gert hefur verið. Fallist var á þessa beiðni og hefur hollenska stofnunin Deltares unnið óhátt mat sem fylgir þessu svari.

Varðandi leirflutninga af sjávarbotni er það skilyrði fyrir leyfinu að Udviklingsselskabet By & Havn I/S komi á eftirliti sem tryggji að leir verði einungis fluttur af sjávarbotni þegar straumar verða þess ekki valdandi að dreifing leirsins valdi tjóni á sænskum Natura 2000-verndarsvæðum. Jafnframt hefur verið stofnaður hópur með fulltrúum sænskra yfirvalda sem ætlað er að tryggja samráð um leirflutningana og vakta umhverfisáhrifin.

Fyrsta skýrsla um dreifingu leirsins var birt í byrjun mars. Skýrslan fylgir.

Næsti samráðsfundur Trafikstyrelsen og sænskra yfirvalda er ráðgerður 5. apríl 2022.



Bls. 2/2

Með góðri kveðju,

Trine Bramsen

Trine Bramsen